



Nefndarsvið Alþingis

Búðardal, 5. febrúar 2021

Efni: Umsögn sveitarfélagsins Dalabyggðar um jarðalög (einföldun regluverks, vernd landbúnaðarlands, upplýsingaskyldu o.fl), þingskjal 467. 375. Mál.

Vísað til beiðnar um umsögn vegna frumvarps til laga um jarðalög (einföldun regluverks, vernd landbúnaðarlands, upplýsingaskyldu o.fl) sem barst sveitarfélagini 21. janúar 2021.

Sveitarfélagið Dalabyggð vill byrja á því að fagna þeirri einföldun sem verður með breytingum í frumvarpinu er varða m.a. að felld verði brott skylda ráðherra til að samþykkja breytta landnotkun á landbúnaðarsvæðum. Þá er jákvætt að styrkja eigi forkaupsrétt ábúenda.

Dalabyggð bendir þó á að skýrt þarf að vera hvort auknar skyldur á sveitarfélög verði með samþykkt frumvarpsins og þá hvort því fylgi fjárhagsleg áhrif. Fjárhagsstaða sveitarfélaga er viðkvæm, ekki síst vegna þeirra áhrifa sem heimsfaraldur af völdum COVID-19 hefur haft og því þurfa sveitarfélög að vita hvort auknum skyldum fylgi aukin fjárútlát.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að „land í skógrækt“ falli út úr skilgreiningu um „ræktun eða ræktað land“ í 20. mgr. 2. gr. Telur sveitarfélagið að gæta þurfi að skilgreiningu skógræktar og samspili þess í lögum. Skógrækt er landbúnaður og ræktun þó að það sé ekki í sama skilningi og tún og sáðlönd en skógrækt er oft á tíðum aukabúgrein með hefðbundnum búrekstri.

Virðingarfylst,


Kristján Sturluson

Sveitarstjóri Dalabyggðar